

Öryggisleiðbeiningar

Vöruheiti:

ÍMÚR undirmúr	ÍMÚR viðgerðarblanda	ÍMÚR waterstop
ÍMÚR grófur grunnmúr	ÍMÚR viðgerðarflot	ÍMÚR kraftgrip
ÍMÚR grunnmúr	ÍMÚR flotspartl	ÍMÚR grófur hraðpenslumúr
ÍMÚR trefjapússning	ÍMÚR flotgólf	ÍMÚR boltagrautur (K 120)
ÍMÚR múrblanda	ÍMÚR flísalím flex	ÍMÚR vegfyllir (roadpath)
ÍMÚR útimúr	ÍMÚR flísalím hraðflex	Mastertop 100 gólfhersluefni
ÍMÚR innimúr	ÍMÚR steiningarlím	Thorogrip
ÍMÚR rappmúr	ÍMÚR límmúr	Waterplug
ÍMÚR staurasteypa	ÍMÚR þéttimúr	Thorseal
	ÍMÚR múrflex	

Notkunarvið: Sementsbundið byggingarefni

Dagsetning: 20. 06. 2007

Ath: Þessar öryggisleiðbeiningar ná yfir mörg efni. Innihald þeirra af skaðlegum efnum er mismunandi.

2. Samsetning/upplýsingar um innihald:

Nafn hráefnis	Innihald%	Flokkun
Portland Cement	15–60	RP38/R42.5-52.5
Calcium Aluminate Cement	2–20	R52.5
Basalt sandur	40–70	

3. Varúðarupplýsingar:

Efnin innihelda sement. Forðast skal innöndun á sementsryki og er ráðlegt að nota grímur þegar unnið er með sementsblöndur. Öll snerting við sementsblöndur er óæskileg. Vatnsblandað sement er lútkennt, leysir upp húðfitu og ertir húðina. Verja skal húð og augu með hönskum og hlífðargleraugum. Efnin innihalda járnúlfat til varnar krómexemi. Geymið á þurrum stað og þar sem börn ná ekki til.



4. Skyndihjálp:

Innöndun:

Leitið í ferskt loft. Ef erfitt er um öndun, leitið læknisaðstoðar.

Snerting við hörund:

Þvoið hörund vel með vatni og sápu. Notið handáburð eftir þvott. Ef erting heldur áfram, leitið læknisaðstoðar.

Snerting við augu:

Þvoið vandlega með vatni í a.m.k. 15 mín. Ef erting heldur áfram, leitið læknisaðstoðar.

Inntaka:

Reynið ekki að framkalla uppköst. Drekkið vatn eða mjólk og leitið tafarlaust læknisaðstoðar.

5. Bruni/aðferðir við að slökkva eld:

Efnin eru ekki eldfim.

6. Efnaleki:

Mikið magn skal fjarlæggt með ryksugu. Forðist að dreifa ryki. Förgun samkvæmt reglugerð um sementsefni. Sjá einnig lið 8 og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla:

Forðast skal innöndun á sementsryki og er ráðlegt að nota grímur þegar unnið er með sementsblöndur. Öll snerting við sementsblöndur er óæskileg. Vatnsblandað sement er lútkennt, leysir upp húðfitu og ertir húðina. Verja skal húð og augu með hönskum og hlífðargleraugum. Efnin innihalda járn-súlfat til varnar krómexemi. Geymið á þurrum stað og þar sem börn ná ekki til.

8. Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður:

Vélbúnaður:

Notið loftræstibúnað til að halda rykmagni í lágmarki á illa loftræstum stöðum.

Persónulegur hlífðarbúnaður:

Verja skal húð og augu með hlífðarfatnaði, hönskum og hlífðargleraugum. Nota skal grímur til varnar innöndun.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar:

Efnin innihalda sementsduft og eru mjög basísk, pH 12

10. Stöðugleiki og hvarfagirni:

Ef blandað við sterka sýru myndast koltvísýringur og efnin missa hörðunareiginleika. Efnin harðna við blöndun með vatni.



11. Eiturfræðilegar upplýsingar:

Innöndun:

Innöndun ryks veldur mikilli ertingu í öndunarfærum.

Snerting við hörund:

Snerting við hörund getur valdið ertingu.

Vatnsblandað sement er lútkennt, leysir upp húðfitu og ertir húðina.

Efnin geta valdið exemi.

Snerting við augu:

Mikil augnerting getur skaðað augu.

Inntaka:

Veldur mikilli ertingu í maga og meltingarvegi.

12. Hættur gagnvart umhverfinu:

Engar upplýsingar um hættuflokkun gagnvart umhverfinu.

13. Förgun:

Förgun samkvæmt reglugerð um sementsefni. Sjá einnig lið 8.

14. Flutningur:


Efnin eru ekki talin hættuleg í flutningi.

15. Lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar:

Varúðarmiði á umbúðum:

Efnið inniheldur sement. Forðast skal innöndun á sementsryki og snerting við hörund er óæskileg. Vatnsblandað sement er lútarkennt, leysir upp húðfitu og ertir húðina. Kornist sement í augu ber að skola þau með varni og leyta lækni. Notið viðeigandi hlífðarhanska, hlífðargleraugu og rykgrímur. Í blöndunni er mótefni til varnar Krómexemi.

GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL



ERTANDI

Takmörkun á notkun:

Engin.

Kröfur um sérstaka menntun/þjálfun

Engin.

16. Annað:

Ekkert.